

Umhverfisráðuneytið
Magnús Jóhannesson
ráðuneytisstjóri
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. febrúar 2007
2007020018/42-9
JGO/mfb

Afstaða Náttúrufræðistofnunar Íslands til erindis frá Veiðimálastofnun

Vísað er til bréfs ráðuneytisins, dags. 22. janúar sl. þar sem óskað er eftir afstöðu Náttúrufræðistofnunar Íslands til erindis Veiðimálastofnunar til ráðuneytisins um innflutning framandi lagardýra og dreifingu þeirra í villtri náttúru landsins, dags. 15. janúar 2007.

Náttúrufræðistofnun er sammála Veiðimálastofnun og tekur undir áhyggjur hennar af þróun þessara mála og mikilvægi þess að taka á vandanum til frambúðar. Stofnunin minnir jafnframt á þær alþjóðlegu skyldur sem Ísland hefur undirgengist á þessu sviði, sbr. t.d. Hafréttarsamninginn, Ríósamninginn um líffræðilega fjölbreytni (m.a. samþykktar reglur hans um ágengar framandi tegundir), Bernarsamninginn um vernd villtrar náttúru í Evrópu (ásamt Evrópsku aðgerðaráætluninni um ágengar, framandi tegundir byggða á honum) og margvíslegar norrænar samþykktir.

Náttúrufræðistofnun bendir á að samkvæmt 41. gr. náttúruverndarlaga (nr. 44/1999) skuli umhverfisráðherra í reglugerð kveða á um skráningu, innflutning, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera hér á landi. Slík reglugerð var sett um plöntur árið 2000 (Rg nr. 583/2000) en henni hefur ekki verið fylgt eftir sem skyldi. Sambærileg reglugerð sem taki til dýra hefur enn ekki verið sett þrátt fyrir skýr ákvæði þar um í 41. gr. náttúruverndarlaga.

Náttúrufræðistofnun telur brýnt að ráðuneytið setji nauðsynlegar reglur er taki á vandamálum er lúta að ágengum, framandi lífverum og sjái til þess að þeim sé framfylgt með fullnægjandi hætti. Jafnframt telur stofnunin mikilvægt að á komist gott samstarf ráðuneyta og stofnana sem þessi mál varða og er til reiðu búin að taka virkan þátt í slíku samstarfi.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson, forstjóri